



Dagsetning: 31. maí 2024  
Málsnúmer: 2405211/0

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

Verkefnastjóri umhverfis- og samfélags hjá Samkaupum, hefur leitast eftir samstarfi við Fjarðabyggð, fyrir hönd Kjörbúðarinnar við að veita foreldrum nýfæddra barna í Fjarðabyggð vöggugjöf. Vöggugjöfin mun innihalda nauðsynjavörur fyrir nýbura og foreldra, svo sem bleyjur, hreinlætisvörur og matvæli. Markmiðið með gjöf þessari er að samgleðjast nýjum fjölskyldum, skapa góða stemningu og jafnvel hvetja til aukinna barneigna og fjölgunar íbúa sveitarfélagsins.

Þar sem sveitarfélaginu er ekki heimilt að veita upplýsingar til þriðja aðila, þá þyrftu foreldrar að óska eftir vöggugjöf. Umsókn um slíkt væri í höndum sveitarfélagsins í gegnum íbúagátt. Útfærslan yrði á þann veg að sveitarfélagið kynna verkefnið/umsóknir fyrir íbúum sveitarfélagsins á sínum miðlum ásamt Samkaupum. Fjarðabyggð tæki svo við umsóknu, í gegnum íbúagáttina og þeim umsóknum komið áfram til Samkaupa sem svo afhendir gjöfina.

Upplýsingafulltrúi leggur til að Fjarðabyggð fari í þetta samstarf með Samkaupum, þar sem þetta gæti skapað jákvæða umræðu og skemmtileg leið til að samgleðjast með foreldrum nýfæddra barna.

Haraldur Líndal Haraldsson

Upplýsingafulltrúi

